

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 28. maí 2020: Ályktunartillaga Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands hvetja stjórn Neyðarlínunnar ohf. til þess að láta fara fram óháða úttekt á verkferlum og vinnubrögðum Neyðarlínunnar í tengslum við móttöku erinda frá íbúum og útköll. Úttektin taki mið af gagnrýni sem fram hefur komið í opinberri umræðu um verklag starfsmanna Neyðarlínunnar.

Greinargerð:

Laugardaginn 16. maí s.l. gengu fjórar konur fram á tvær stúlkur á Laugaveginum sem voru illa haldnar. Fjallað hefur verið um viðbrögð Neyðarlínunnar sem viðstaddir aðilar hafa gagnrýnt. Hefur málið meðal annars fengið umfjöllun í fjölmiðlum auk þess sem að fulltrúi Neyðarlínunnar hefur heimsótt mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur til að greina frá vinnubrögðum við útköll og svara spurningum, í kjölfar þess að einstaklingur úr kvennahópnum sagði ráðinu frá sinni reynslu. Byggt á þessum heimsóknum telur ráðið réttmætt að mælast til þess að fram fari óháð mat á verkferlum og vinnubrögðum við útköll í ljósi þess hve mikilvæga almannajónustu Neyðarlínan veitir og mikilvægi þess að almenningur upplifi að hann geti treyst Neyðarlínunni. Mælst er til þess að framkvæma úttekt sem nái einnig til mats á viðhorfum til alvarleika útkalla og hvort þau taki breytingum eftir eðli útkalls, staðsetningu, tímasetningu og stöðu viðmælanda og þá hvort viðhorfin hafi áhrif á svarhegðun.